

## Lög

Nr. 26.  
3. nóv.

um

framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, og laga nr. 44,  
2. nóv. 1914, og laga nr. 45 s. d.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Lög nr. 30, 22. okt. 1912 um vörutoll, ásamt lögum nr. 44 og nr. 45 frá 2. nóv. 1914 (sbr. lög nr. 43, s. d.), skulu vera í gildi fyrst um sinn til ársloka 1917, með þeim viðauka, að fiskumbúðir úr striga, sem eru endursendar, skulu taldar með vörum þeim, er samkvæmt 1. gr. laga nr. 30, 22. okt. 1912 eru undanþegnar vörutolli.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1916.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Einar Arnórsson.*